



Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluþjónustu, 583. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar og fagna samtökin tillögum frumvarpsins um opnun greiðsluþjónustumarkaðarins sem ætlað er að treysta neytendavernd og skapa tækifæri til aukinnar nýsköpunar, vöruþróunar og samkeppni í greiðsluþjónustu. Mikilvægt er að innlendur greiðsluþjónustumarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð sem er sem líkust því sem gerist í Evrópu. Það gerir íslensk fyrirtæki samkeppnisfærari, getur opnað fyrir aðgang þeirra að stærri mörkuðum í nágrannalöndunum og einnig greitt fyrir aðgengi erlendra þátttakenda á íslenskum markaði. Á sama tíma þarf að leggja sérstaka áherslu á öryggismál, upplýsingavernd og áhættuvarnir. Tæknileg aðlögun að kröfum laganna hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánastofnunum og öðrum greiðsluþjónustuveitendum, þ.m.t. nýjum tegundum greiðsluþjónustuveitenda, þarf að taka mið af þessu. Sama er að segja um opinbert eftirlit. Jafnframt er mikilvægt að skapa réttarvissu um tiltekin atriði sem frumvarpið kveður á um. Þá þarf að leggja traustari lagagrundvöll fyrir nýtingu á nýjum stafrænum lausnum og samskiptaleiðum við veitingu fjármálaþjónustu svo auðvelda megi aðgengi að og nýtingu á þjónustunni.

Með vísan til framangreinds eru hér á eftir gerðar athugasemdir við frumvarpið og í sumum tilvikum lagðar til breytingar sem þá eru sérstaklega undirstrikaðar.

3. tölul. 3. gr. – hugtakið eiginfjárgrunnur (e. own funds)

Í 3. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á enska hugtakinu „own funds“ sem er að finna í 46. tölul. 4. gr. tilskipunarinnar. Í frumvarpinu er hugakið „eiginfjárgrunnur“ notað í þessum tilgangi en í 9. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um útreikning eiginfjárgrunns. Hér væri líklega réttara að nota annað hvort „hæft fjármagn“ eða

„samsetning eiginfjárgrunns“ í þessu tilliti en útkoma útreiknings á grundvelli 9. gr. frumvarpsins myndar eiginfjárgrunn (lágmark lögbundið eigið fé).

Í skilgreiningunni er jafnframt vísað til þess að hér sé um að ræða „eiginfjárgrunn eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki“. Skilgreining tilskipunarinnar (46. tölul. 4. gr.) vísar í 118. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 (CRR reglugerðina) sem vísar til þess að hér sé um að ræða samtölu þáttar 1 og þáttar 2 (sjá 84. gr. a og 84. gr. c í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki). Ákvæði 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki vísar hins vegar í samtölu þáttar 1 og þáttar 2 og frádráttarliði skv. 85. gr. sömu laga. Hér virðist vera misræmi sem þarfnast nánari skoðunar.

36. tölul. 3. gr. – skilgreining á sannvottun

Lagt er til að orðalag skilgreiningar í 36. tölul. 3. gr. frumvarpsins á hugtakinu sannvottun verði fært til samræmis við orðalag skilgreiningarinnar í 29. tölul. 4. gr. PSD2 tilskipunarinnar. Orðunum „sannreyna að greiðslufyrirmæli hafi komið frá notanda greiðsluþjónustu“ verði þannig breytt í „sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu“. Orðalag tilskipunarinnar er „verify the identity of a payment service user“.

Sannvottun: Aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á notanda greiðsluþjónustu eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans.

41. tölul. 3. gr. – hugtakið umboðsaðili

Í 41. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu „umboðsaðili“. Í greinargerð segir um hugtakið „Einstaklingur eða lögaðili sem kemur fram fyrir hönd greiðslustofnunar er t.d. sá sem fer með umboð greiðsluþjónustu í húsfélagi því sem greiðslustofnun tilheyrir.“ Líklega hefur orðalag ruglast hér við frágang frumvarpsins.

43. tölul. 3. gr. - skilgreining á „Útgefandi kortatengds greiðslumiðils“

Í 43. tölul. 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu „útgefandi kortatengds greiðslumiðils“ sem í greinargerð segir að komi ekki fram í tilskipuninni heldur í reglugerð ESB nr. 2018/39 en hér á hugsanlega að vísa til reglugerðar ESB nr. 2018/389.

Engar skilgreiningar er að finna í reglugerð ESB nr. 2018/389 og vandi að sjá hvaða enska hugtak hugtakið „útgefandi kortatengds greiðslumiðils“ á að taka til. Í skýringum í greinargerð frumvarpsins segir svo að útgefandi kortatengds greiðslumiðils „sé oftast nær banki“. Hér vaknar sú spurning hvort hugtakið er ætlað að taka til útgefanda (e. issuer) eða hvort því er einnig ætlað að ná til „útgáfuvinnsluaðila“ (e. issuing processor) eða jafnvel fleiri aðila? Hugtakið þarfnast því frekari skýringa.

10. gr. - Varðveisla fjármuna

Efni 10. gr. frumvarpsins er óbreytt frá 18. gr. núgildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu. Samkvæmt ákvæðinu skal greiðslustofnun varðveita fjármuni sem hún móttækur fyrir hönd notenda greiðsluþjónustu þangað til að þeir eru greiddir notendunum. Slíkum fjármunum ber að halda skýrt aðgreindum frá fjármunum í eigu greiðslustofnanna þ.e. greiðslustofnun er óheimilt að blanda eigin fjármunum við fjármuni í eigu notenda greiðsluþjónustu. Fjármunina skal varðveita á innlánsreikningum (eða fjárfesta þeim í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum) sem haldið er í framangreindum tilgangi. Ákvæðinu er ætlað að vernda fjármuni í eigu notenda greiðsluþjónustu (korthafa, söluaðila og annarra notenda greiðsluþjónustu) frá atvikum í rekstri greiðslustofnunarinnar eða mótaðila hennar.

Í a-lið 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar segir í lauslegri þýðingu; að til hagsbóta fyrir notendur greiðsluþjónustu skulu aðildarríkin með löggjöf sinni einangra fjármuni notenda greiðsluþjónustu frá kröfum sem fallið geta á greiðslustofnuninna, sérstaklega ef til gjaldþrotatilviks kemur (e. ...they shall be insulated in accordance with national law in the interest of the payment service users against the claims of other creditors of the payment institution, in particular in the event of insolvency). Ákvæðið er ekki það þröngt að hér sé einungis um að ræða gjaldþrotatilvik hjá greiðslustofnuninni.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins segir að „fjármunir skv. 1. mgr. skulu teljast sértökukröfur í þrotabú greiðsluþjónustuveitanda komi til gjaldþrots. Um réttshæð þeirra fer skv. 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.“ Sú spurning vaknar því hvort orðalag ákvæðisins í frumvarpinu nái þeim markmiðum sem tilskipunin stefnir að með því einu að vísa til þess að hér sé um sértökukröfu í þrotabú greiðsluþjónustuveitanda? Hafa þarf sérstaklega í huga að ákvæðið er sett til hagsbóta fyrir notendur greiðsluþjónustu þ.e. að notendur geti án truflana fengið umráð fjármuna sinna þrátt fyrir að greiðslustofnun eða sú lánastofnun þar sem fjármunir eru varðveittir á innlánsreikningi lendi í gjaldþrotaatviki (e. insolvency event).

Í þessu sambandi má vísa til þess að í breskum lögum sem innleiddu PSD2 þar í landi (Payment Services Regulations 2017) eru gerðar ýmsar kröfur til að vernda fjármuni notenda greiðsluþjónustu sem varðveittir eru á innlánsreikningum (eða eftir atvikum verðbréfareikningum). Þessar kröfur eru settar til þess að ýta undir sértökurétt notenda greiðsluþjónustu eða greiðslustofnunarinnar í gjaldþrotaskiptum (eða sambærilegu atviki t.d. slitameðferð) og tryggja rétt notenda greiðsluþjónustu til fjármunanna fyrir réttarsambandi greiðslustofnunarinnar og lánastofnunarinnar. Þessar kröfur eru m.a. þær að lánastofnunin geti ekki átt kröfu til fjármunanna (t.d. skuldajöfnun eða tryggingarréttindi). Einnig að gerð sé sérstök yfirlýsing um slíka innlánsreikninga á milli greiðslustofnunar og lánastofnunarinnar (um að viðkomandi innlánsreikningur sé reikningur sem haldið er til varðveislu fjármuna og að fjármunir séu eign notenda



greiðsluþjónustu og lánastofnun geti ekki gert tilkall til fjármunanna vegna réttarsambands við greiðslustofnunina.

Hér má einnig vísa til þess að hér er um að ræða sértökurétt í peningum sem er safn fjármuna allra notenda greiðsluþjónustu viðkomandi greiðslustofnunar og því í raun ekki sérgreinanlegt hvað hver notandi á inn á innlánsreikningnum. Greiðslustofnuninni ber þó að hafa yfir að ráða yfirliti í bókum sínum um hvað hver notandi á mikla fjármuni inn á reikningnum. Þá getur einnig komið upp sú staða að greiðslustofnun hafi í lok viðskiptadags millifært of mikið á innlánsreikninginn og því óvart blandað eigin fjármunum við fjármuni notenda greiðsluþjónustu. Í slíku tilfalli gera lögin ráð fyrir því að greiðslustofnunin leiðrétti þessi mistök strax og þau verða ljós. Í þessum tilvikum er hins vegar hættu á því að horft verði þannig á að sértökurétturinn sé ekki gildur þar sem fjármunum í eigu greiðslustofnunarinnar hafi verið blandað saman við varðveitta fjármuni.

Í ljósi alls framangreinds mætti skoða hvort ekki mætti bæta ákvæðið til að tryggja rétt notenda greiðsluþjónustu.

11. gr. Hæfi stjórnarmanna greiðslustofnana

Í 11. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda greiðslustofnana. Í ákvæðinu segir að „um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda samkvæmt skipulagi greiðslustofnunar gilda 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem við á.“

Í n-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra greiðslustofnanna en um er að ræða sambærilegar kröfur og eru gerðar í 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki um þekkingu, reynslu og gott orðspor. 11. gr. frumvarpsins gengur hins vegar lengra en tilskipunin kveður á um og gerðar eru „séríslenskar“ íþyngjandi kröfur með tilvísun til 52. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með tilvísun til 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki sem ber heitið „önnur störf stjórnarmanna“ er stjórnarmönnum greiðslustofnunnar óheimilt að sitja í stjórnnum annarra aðila á fjármálamarkaði eða aðila í nánnum tengslum við greiðslustofnunina ásamt því að takmarkanir eru settar á lögmenn sem sitja í stjórnnum greiðslustofnunnar. Engin rök er að finna í greinargerð fyrir þessum takmörkunum aðrar en að samræma lögin við lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki að þessu leyti. Að mati SFF er mikilvægt að endurskoða ákvæðið til að gæta samræmis við EES-löggjöfina.

Rök um vernd almannahagsmuna sem liggja að baki takmarkana á hæfi til stjórnarsetu í bönkum og sparisjóðum, sem hafa heimildir til þess að taka við fjármunum frá almenningi í formi innlána, eiga ekki við um greiðslustofnanir sem í flestum tilfellum eru fyrirtæki sem sinna færsluhirðingu kortagreiðslna. Greiðslustofnanir mega ekki taka við fjármunum frá almenningi. Greiðslustofnunum er óheimilt að sýsla með fjármuni



viðskiptavina sinna sbr. 10. gr. frumvarpsins og ber að varðveita fjármuni sem þær móttaka frá notendum greiðsluþjónustu á sérstökum reikningum. Greiðslustofnanir mega ekki blanda saman eigin fjármunum við fjármuni viðskiptavina. Lagt er til að ákvæðið verði endurskoðað til samræmis við framangreint.

15. gr. - reikningsskil og lögboðin endurskoðun

Í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins kemur fram að greiðslustofnun skuli leggja fram aðskilin reikningsskil fyrir annars vegar greiðsluþjónustu og hins vegar fyrir aðra starfsemi sem hún hefur heimild til að stunda skv. 1. mgr. 16. gr. Ákvæðið er innleiðing á 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar en þar segir að þetta skuli gert í eftirlitsskyni (e. for supervisory purposes). Lagt er til að orðalag 2. másl. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins orðist svo:

Greiðslustofnun skal afhenda Seðlabanka Íslands aðskilin reikningsskil fyrir annars vegar greiðsluþjónustu og hins vegar fyrir aðra starfsemi sem hún hefur heimild til að stunda skv. 1. mgr. 16. gr.

Á grundvelli 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins er Seðlabanka Íslands veitt heimilt til að setja reglur um ársreikninga greiðslustofnana en ákvæðið byggir ekki á tilskipuninni. Þá kemur hvergi fram í frumvarpinu um hvað reglur Seðlabankans skuli fjalla. Með vísan til sjónarmiða um skýrleika réttarheimilda og framsal valds löggjafans til framkvæmdavaldsins er lagt til að ákvæðið verði gert skýrara að þessu leiti.

16. gr. - Önnur starfsemi greiðslustofnanna

Ákvæði 16. gr. frumvarpsins fjallar um heimildir greiðslustofnunnar til að sinna annarri starfsemi en greiðsluþjónustu. Í greinargerð kemur fram að með ákvæðinu eigi að innleiða 18. gr. tilskipunarinnar um sama efni í íslenskan rétt. Í 19. gr. gildandi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 er kveðið á um aðra starfsemi greiðslustofnanna og leggur frumvarpið til ýmsar breytingar á efni og uppbyggingu greinarinnar.

Í a-lið 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins er hugtakið „fjárvarsla“ notað um enska hugtakið „safekeeping activities“ en í núgildandi lögum er hugtakið „ráðstafanir til verndunar eigna“ notað í 1. mgr. 19. gr. laganna. Lagt er til að orðalag 19. gr. núgildandi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu verði notað áfram því hugtakið „fjárvarsla“ gæti hugsanlega verið of þröngt í þessu sambandi.

Í sama ákvæði er vísað til heimildar til að eiga í „gjaldeyrisviðskiptum“ eins og heimilt er og sama hugtak notað í 1. mgr. 19. gr. í núgildandi lögum. Um er að ræða enska hugtakið „foreign exchange services“ sem kemur fram í a-lið 1. mgr. 18. gr. tilskipunarinnar. Í greinargerð segir þó um þessa heimild; „Með gjaldeyrisviðskiptum er átt við gjaldeyrisviðskipti þar sem fjármunir eru geymdir á greiðslureikningi. Slík viðskipti

eiga sér t.d. stað þegar færsluhirðir móttækur kortatengdar greiðslur í ýmsum gjaldmiðlum fyrir netverslun söluaðila en gerir upp við söluaðilann í einum gjaldmiðli.“ Þessi skýring í greinargerð er of þröng miðað við inntak enska hugtaksins „foreign exchange services“ og þarfnast lagfæringar.

3. mgr. 16. gr. frumvarpsins kveður á um að „Fjármunir sem greiðslustofnun móttækur frá notendum greiðsluþjónustu, vegna þjónustunnar, teljast ekki innlán, endurgreiðanlegir fjármunir frá almenningi eða rafeyrir.“ Hér er líklega um að ræða innleiðingu á 3. mgr. 18. gr. tilskipunarinnar sem segir á ensku „Any funds received by payment institutions from payment service users with a view to the provision of payment services shall not constitute a deposit or other repayable funds within the meaning of Article 9 of Directive 2013/36/EU, or electronic money as defined in point (2) of Article 2 of Directive 2009/110/EC.“

Þetta er í raun árétting á því að fjármunir sem greiðslustofnun móttækur frá notendum greiðsluþjónustu skuli ekki teljast „innlán eða endurgreiðanlegir fjármunir“ í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki eða „rafeyrir“ í skilningi 3. gr. laga nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris. Í greinargerð segir hins vegar um ákvæðið; „Þetta þýðir að greiðslustofnun má ekki gera samning við notanda greiðsluþjónustu um að hann geti farið fram á endurgreiðslu fjármunanna hvenær sem er.“ Óljóst er til hvers er verið að vísa hér í greinargerð enda verður að telja greiðslustofnun heimilt að endurkrefja notanda greiðsluþjónustu hvenær sem er um fjármuni ef slík krafa verður til í samningsbundnum viðskiptum aðila. Því má bæta við að ákvæði **6. mgr. 16. gr. frumvarpsins** er í raun efnislega eins og 3. mgr. 16. gr. frumvarpsins.

2. mgr. 19. gr. – réttaráhrif skýlauss samþykkis

Lagt er til að bætt verði við 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins ákvæði um að ef greiðandi veitir skýlaust samþykki til tiltekinna ráðstafana samkvæmt lögnum sé þar með uppfyllt krafa 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 um skriflegt samþykki viðskiptamanns, þ.e. greiðandans, til miðlunar þeirra trúnaðarupplýsinga sem samþykkið varðar. Viðbótinni er ætlað að skapa réttarvissu um þetta og auðvelda framkvæmd á samþykki greiðanda samkvæmt lögnum.

Um þagnarskyldu stjórnarmanna greiðslustofnunar, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Skýlaust samþykki greiðanda samkvæmt lögum þessum telst uppfylla áskilnað 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki um skriflegt samþykki viðskiptamanns til miðlunar þeirra trúnaðarupplýsinga sem samþykkið varðar.

1. mgr. 37. gr. – forsendur fyrir synjun um aðgang að greiðslureikningaþjónustu

Í 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lánastofnun eða viðskiptabanki geti synjað um aðgang að greiðslureikningsþjónustu og skuli þá tilkynna Fjármálaeftirlitinu um synjunina.

Lagt er til að bætt verði við 1. mgr. 37. gr. ákvæði um að slík synjun skuli vera byggð á hlutlægum forsendum, svo sem öryggis- eða áhættusjónarmiðum. Áhættan getur t.d. verið peningaþvættisáhætta, rekstraráhætta, sviksemisáhætta og öryggisáhætta.

Lánastofnanir og viðskiptabankar skulu veita greiðslustofnunum aðgang að greiðslureikningaþjónustu þeirra á hlutlægan hátt, án mismununar og í samræmi við það lögmæta markmið sem greiðslustofnun stefnir að. Aðgangur skal vera nógu víðtækur til að gera greiðslustofnunum kleift að veita greiðsluþjónustu á óhindraðan og skilvirkan hátt. Synjun um aðgang skal byggjast á hlutlægum forsendum, svo sem öryggis- eða áhættusjónarmiðum.

2. mgr. 46. gr. - upplýsingar um viðbótargjald eða afslátt

Í 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins kemur fram að ef greiðsluþjónustuveitandi krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd.

Lagt er til að bætt verði við 2. mgr. 46. gr. ákvæði um að greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu geti samið um form tilkynningar og hvernig hún sé send notanda greiðsluþjónustu. Viðbótinni er ætlað að taka mið af tækniþróun og nýjum stafrænum lausnum í samskiptum greiðsluþjónustuveitanda við viðskiptavini.

Ef greiðsluþjónustuveitandi krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd. Hægt er að semja um form tilkynningar í t.d. rammamningi. Tilkynning getur verið send með rafrænum hætti, t.d. í netbanka eða smáforriti, eða birt á vefsíðu greiðsluþjónustuveitanda.

1. mgr. 55. gr. – aðferðir við upplýsingagjöf

Í 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins segir að hvenær sem er meðan á samningssambandi stendur getur notandi greiðsluþjónustu óskað eftir og skal þá fá afhenta skilmála rammamnings ásamt upplýsingum og skilmálum skv. 54. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

Lagt er til að bætt verði við 1. mgr. 55. gr. ákvæði um að greiðsluþjónustuveitandi geti uppfyllt þessar skyldur með því að veita notanda greiðsluþjónustunnar aðgang að gögnunum og upplýsingunum í netbanka eða á vefsíðu sinni. Viðbótinni er ætlað að taka

mið af tæknipróun og nýjum stafrænum lausnum í samskiptum greiðsluþjónustuveitenda við viðskiptavinum.

Hvenær sem er meðan á samningssambandi stendur getur notandi greiðsluþjónustu óskað eftir og skal þá fá afhenta skilmála rammasamnings ásamt upplýsingum og skilmálum skv. 54. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Greiðsluþjónustuveitandi getur uppfyllt framangreindar skyldur með því að veita notanda greiðsluþjónustunnar aðgang að gögnunum og upplýsingunum í netbanka eða á vefsíðu sinni.

1. mgr. 56. gr. – breytingar á skilmálum rammasamnings

Í 1. mgr. 56. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingar á skilmálum rammasamnings og fyrirvara á gildistöku slíkra breytinga.

Markmið ákvæðisins er að tryggja neytendavernd þannig að viðskiptavinur geti kynnt sér fyrirfram og tekið afstöðu til íþyngjandi breytinga á skilmálunum. Þrátt fyrir það geta breytingar verið þess eðlis að þær geti eða þurfi að taka gildi þegar í stað. Því er lagt til að tekið verði fram að slíkar breytingar á rammasamningi geti tekið gildi án fyrirvara. Þetta eru í fyrsta lagi breytingar sem eru til hagsbóta fyrir notanda greiðsluþjónustu. Í öðru lagi eru þetta breytingar sem fela í sér nauðsynlegar leiðréttingar eða uppfærslur af lagalegum eða tæknilegum ástæðum. Ríkir hagsmunir, t.d. öryggishagsmunir og réttarvissa, eru fyrir því að slíkar ástæður leiði til tafarlausra breytinga á rammasamningi.

Greiðsluþjónustuveitandi skal leggja tillögur að breytingum á rammasamningi, sem og á upplýsingum og skilmálum skv. 54. gr., fyrir notanda greiðsluþjónustu með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 53. gr. eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaða gildistöku breytinganna. Notandi greiðsluþjónustunnar getur annaðhvort samþykkt breytingarnar eða synjað þeim fyrir fyrirhugaða gildistöku þeirra. Ef um það hefur verið samið, sbr. a-lið 6. tölul. 54. gr., skal greiðsluþjónustuveitandi tilkynna notanda greiðsluþjónustu að hann teljist hafa samþykkt slíkar breytingar tilkynni hann ekki um annað fyrir fyrirhugaða gildistöku. Notanda greiðsluþjónustu er heimilt að segja rammasamningi upp þegar í stað án sérstakrar gjaldtöku áður en fyrirhugaðar breytingar öðlast gildi og skal greiðsluþjónustuveitandi jafnframt upplýsa notandann um það. Breytingar á rammasamningi sem eru til hagsbóta fyrir notanda greiðsluþjónustu og breytingar sem fela í sér nauðsynlegar leiðréttingar eða uppfærslur af lagalegum eða tæknilegum ástæðum geta tekið gildi þegar þær eru kynntar fyrir notanda greiðsluþjónustu.

3. mgr. 57. gr. – uppsögn rammasamnings við sérstakar aðstæður

Í 3. mgr. 57. gr. frumvarpsins segir að greiðsluþjónustuveitanda sé heimilt að segja rammasamningi með ótilteknum samningstíma upp með a.m.k. tveggja mánaða uppsagnarfresti. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. 53. gr.

Lagt er til að bætt verði við 3. mgr. 57. gr. ákvæði um að greiðsluþjónustuveitandi geti í sérstökum aðkallandi aðstæðum sagt upp rammasamningi fyrirvaralaust og með einhliða tilkynningu. Ákvæðinu er ætlað að draga úr rekstraráhættu og peningaþvættisáhættu og að koma í veg fyrir sviksamlega starfsemi í greiðsluþjónustu og í fjármálakerfinu.

Greiðsluþjónustuveitanda er heimilt að segja rammasamningi með ótilteknum samnings- tíma upp með a.m.k. tveggja mánaða uppsagnarfresti. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um uppsögnina með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. 53. gr. Greiðsluþjónustuveitandi getur í rammasamningi jafnframt áskilið sér rétt til að segja upp rammasamningi eða tilteknum viðskiptum eða þjónustu á grundvelli rammasamnings, fyrirvaralaust og með einhliða tilkynningu til viðskiptavinar ef rökstuddur grunur er um að viðskiptavinur hafi brotið lög, reglur eða skilmála greiðsluþjónustuveitandans, ef rökstuddur grunur er um að viðskiptavinur eða þriðji aðili honum tengdur hafi misnotað eða muni misnota viðskiptasambandið, ef viðskiptin teljast að mati greiðsluþjónustu- veitandans fela í sér hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða ef viðskiptasambandið getur að mati greiðsluþjónustuveitandans skaðað orðspor hans verulega.

2. mgr. 66. gr. – möguleiki á samningi um útfærslu á fyrirkomulagi við framkvæmd greiðsluvirkjunar eða reikningsupplýsingaþjónustu

Samkvæmt 2. mgr. 66. gr. frumvarpsins getur greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sem veitir reikningsþjónustu ekki sett það sem skilyrði að samningssamband sé á milli hans annars vegar og greiðsluvirkjandans eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandans hins vegar.

Þetta bannákvæði kemur ekki í veg fyrir að þessir aðilar geri með sér samning um frekari þætti varðandi nýtingu þess réttar sem 2. mgr. 66. gr. kveður á um, t.d. um tæknilega útfærslu á fyrirkomulagi þar að lútandi. Því er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um þetta til skýringar. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um að bannið komi ekki í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitandi greiðandans sem veitir reikningsþjónustu setji það skilyrði að uppfylltar séu þær kröfur sem leiða af reglum Seðlabanka Íslands sem settar verða á grundvelli laganna. Viðbótinni er ætlað að treysta rekstraröryggi og draga úr áhættu, m.a. peningaþvættisáhættu.

Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sem veitir reikningsþjónustu getur ekki sett það sem skilyrði að samningssamband sé á milli hans annars vegar og greiðsluvirkjandans eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandans hins vegar. Bannið kemur þó ekki í veg fyrir að aðilar komi sér saman um að gerður sé samningur sem ætlað er að skýra ferla og tæknilegar kröfur og stuðla að öryggi við framkvæmd greiðsluvirkjunar eða reikningsupplýsingaþjónustu. Bannið kemur heldur ekki í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitandi greiðandans sem veitir reikningsþjónustu setji það skilyrði að greiðsluvirkjendur og reikningsupplýsinga-þjónustuveitendur uppfylli á hverjum tíma þær kröfur sem leiða af reglum Seðlabanka Íslands sem settar eru á grundvelli laga þessara.

2. mgr. 72. gr. – hlutlægar ástæður fyrir synjun á afgreiðslu beiðna um gögn

Í 2. mgr. 72. gr. frumvarpsins kemur fram að greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu skuli afgreiða beiðnir um gögn, sem sendar eru fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, án mismununar af öðrum ástæðum en hlutlægum.

Lagt er til að bætt verði við 2. mgr. 72. gr. dæmum um hlutlægar ástæður sem geta réttlætt líka synjum synjun eða tafir. Viðbótinni er ætlað að skýra og takmarka ástæður fyrir slíkri synjun.

Greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu skal afgreiða beiðnir um gögn, sem sendar eru fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, án mismununar af öðrum ástæðum en hlutlægum, t.d. vegna peningabvættis-, sviksemis-, rekstrar- og öryggisáhættu.

1. mgr. 73. gr. – forsendur fyrir synjun um aðgang að greiðslureikningi

Í 1. mgr. 73. gr. frumvarpsins segir að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu geti synjað reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda um aðgang að greiðslureikningi sökum þess að aðgangur viðkomandi er óheimill eða fenginn með sviksamlegum hætti.

Möguleiki á slíkri synjun er mikilvæg öryggisráðstöfun út frá áhættusjónarmiðum. Því er lagt til að orðalag 1. mgr. 73. gr. verði útfært og að skýrt verði nánar á hvaða forsendum greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu geti synjað reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda um aðgang að greiðslureikningi. Viðbótinni er ætlað að treysta rekstraröryggi og draga úr áhættu, t.d. áhættu á að reikningurinn verði notaður til peningabvættis eða fjármögnun hryðjuverka. Gert er ráð fyrir að synjun geti verið bæði synjun á að veita aðgang frá upphafi og afturköllun á aðgangi sem hefur verið veittur.

Greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningsþjónustu getur synjað reikningsupplýsingaþjónustuveitanda eða greiðsluvirkjanda um aðgang að greiðslureikningi á grundvelli málefnalegra réttlættingarástæðna sem varða óheimilan eða sviksamlegan aðgang að reikningnum, t.d. ef talin er vera hættu á peningabvætti eða fjármögnun hryðjuverka, ef grunur er um að greiðsluvirkjun sé eða verði framkvæmd með óheimilum eða sviksamlegum hætti, ef vísbendingar eru um að greiðsluvirkjandi eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi uppfylli ekki þær skyldur sem tilgreindar eru í 67. og 70. gr. laga þessara eða ef líkur eru á að aðgangurinn stefni upplýsingaöryggi eða kerfisvirkni í hættu.

1. mgr. 101. gr. – atvik sem krefjast sterkrar sannvottunar

Í 1. mgr. 101. gr. frumvarpsins er kveðið á um atvik sem leiða til þess að krefjast skuli sterkrar sannvottunar. Upphaf málsgreinarinnar er svohljóðandi: „Greiðsluþjónustuveitandi skal krefjast sterkrar sannvottunar hjá greiðanda þegar hann...“.

Lagt er til að orðið „greiðandi“ komi í stað orðsins „hann“ til skýringar á því að átt er við greiðandann en ekki greiðsluþjónustuveitandann.

Greiðsluþjónustuveitandi skal krefjast sterkrar sannvottunar hjá greiðanda þegar greiðandi:

- a. vill fá aðgang að greiðslureikningi sínum á netinu,
- b. virkjar rafræna greiðslu,
- c. framkvæmir aðgerð fyrir milligöngu boðleiðar úr fjarlægð, sem gæti haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annars konar misnotkun.
- d.

3. mgr. 101. gr. – krafa um notkun á sannvottunarferli greiðsluþjónustuveitanda reikningsþjónustu

Í 3. mgr. 101. gr. frumvarpsins er kveðið á um að greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu skuli gera greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda kleift að treysta á sannvottunarferlið sem hann veitir notanda greiðsluþjónustu.

Lagt er til að við 3. mgr. 101. gr. verði bætt ákvæði um að greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu geti jafnframt gert kröfu um að greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi skuli nota sannvottunarferlið sem hann notar og býður notanda greiðsluþjónustu. Viðbótinni er ætlað að koma í veg fyrir að greiðsluvirkjandi og/eða reikningsupplýsingaþjónustuveitandi geti krafist þess að ekki verði notast við það sannvottunarferli sem greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu notar, heldur annað sannvottunarferli sem að mati greiðsluþjónustuveitanda reikningsþjónustu geti ógnað öryggi tengdu greiðslureikningum eða skapað verulega áhættu. Viðbótinni er ætlað að treysta rekstrar- og upplýsingaöryggi.

Ákvæði 2. mgr. og c-liðar 1. mgr. 99. gr. á einnig við þegar greiðsla er virkjuð fyrir milligöngu greiðsluvirkjanda. Þá eiga ákvæði 1. mgr. og c-liðar 1. mgr. 99. gr. við þegar óskað er eftir upplýsingum fyrir milligöngu reikningsupplýsingaþjónustuveitanda. Greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu skal gera greiðsluvirkjanda og reikningsupplýsingaþjónustuveitanda kleift að treysta á sannvottunarferlið sem hann veitir notanda greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. og c-lið 1. mgr. 99. gr. auk 2. mgr. 99. gr. ef greiðsluvirkjandi á í hlut. Greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu getur gert kröfu um að greiðsluvirkjandi og reikningsupplýsingaþjónustuveitandi skuli nota sannvottunarferlið sem greiðsluþjónustuveitandi reikningsþjónustu notar og býður notanda greiðsluþjónustu.



6. mgr. 112. gr. – birting persónuupplýsinga

Í 6. mgr. 112. gr. frumvarpsins er í fyrsta málslið kveðið á um að niðurstöður um beitingu stjórnsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laganna skuli birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins í að lágmarki fimm ár. Þá segir í öðrum málslið að persónuupplýsingar sem koma fram í niðurstöðunum skuli ekki vera birtar lengur en málefnalegar ástæður leyfa í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingagreiðslu.

Lagt er til setningin í öðrum málslið falli brott. Persónuupplýsingar eru almennt hvorki birtar í niðurstöðum Persónuverndar, dómstóla né annarra stjórnvalda. Persónuvernd hefur úrskurðað um að birting persónuupplýsinga á vef stofnana og dómstóla sé ólöglegt og samrýmist ekki persónuverndarlögum sbr. t.d. úrskurði stofnunarinnar í málum nr. 2017/1594 og 2017/604. Ef heimila á slíka birtingu um einstaklinga með lagaákvæði þessu er eðlilegt að löggjafinn meti hvað teljist málefnaleg ástæða til birtingar persónuupplýsinga einstaklinga í umræddu tilviki.

Niðurstöður um beitingu stjórnsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laga þessara skulu birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins í að lágmarki fimm ár.

Ákvæði til bráðabirgða – birting reglna Seðlabanka Íslands

Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu kemur fram að reglur sem Seðlabanki Íslands skal setja skv. 2. mgr. 114. gr. skuli birta á vef bankans fyrir 1. júlí 2021 og eigi síðar senda í lögformlega birtingu. Á sama tíma skuli prófunarumhverfi netskilafлата greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningsþjónustu vera tilbúið.

Miðað við þann skamma tíma sem nú er til stefnu má búast við að þessi tími reynist of skammur. Því er lagt er til að framangreindri tímasetningu verði frestað, jafnvel til 1. júlí 2022. Reglur Seðlabankans munu m.a. fela í sér innleiðingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 um tækniáðla fyrir sterka sannvottun og örugga sameiginlega opna samskiptastaðla. Á undanförnum mánuðum hafa átt sér stað viðræður milli einstakra fjármálafyrirtækja og Seðlabankans um túlkun á reglugerðinni, m.a. varðandi kröfur til sterkrar sannvottunar. Vætanleg er endanleg túlkun Seðlabankans á tilteknum ákvæðum sem eru grundvallaratriði fyrir hönnun og smíði tæknilausna til að verða við kröfum reglugerðar 2018/389. Vegna þessa eru verulegar líkur eru því á að tæknilausnirnar verði ekki tilbúnar á þeim tíma sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Samhliða frestun á framangreindri tímasetningu er ástæða til að endurskoða tímasetningar í 115. gr. (gildistaka) og 116. gr. (lagaskil) frumvarpsins til að koma í veg fyrir óþarfa flækjustig. Þannig má t.d. nefna að mikilvægt er að efni reglugerðar (ESB) nr. 2018/389 um undantekningar frá sterkri sannvottun taki gildi á sama tíma og reglan



um sterka sannvottun tekur gildi.

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur